

**Nd.**

## **10. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 27 8. sept. 1931, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárþóta.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

### **1. gr.**

Á eftir 13. gr. laga nr. 27 8. september 1931, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárþóta, komi ný grein, sem verður 14. gr., en greinatala laganna breytist samkvæmt því. Hin nýja grein hljóðar þannig:

Landbúnaðarráðherra getur, þrátt fyrir ákvæði 13. gr., heimilað Búnaðarfélagi Íslands að leyfa einstökum bændum eða sauðfjárræktarfélögum að láta einblendinga lifa til framhaldsræktunar. Skal kynblöndun þessi fara fram undir eftirliti sauðfjárræktarráðunauts Búnaðarfélags Íslands.

### **2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem er lagt fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

### **Fylgiskjal.**

**Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 27 8. sept. 1931, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárþóta.**

**Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,**

Gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum nr. 27 8. september 1931 hefir verið flutt inn nokkuð af erlendu sauðfé til einblendingsræktar til sláturfjárþóta, en í þeim lögum er bannað að nota til undaneldis kynblendinga af erlendu fé og íslenzku fé.

Það hefir nú farið fram um nokkurt árabíl hér í landinu einblendingsrækt á skozku Border-Leicester-fé og íslenzku fé, og má segja, að gefizt hafi vel. Þykir því líklegt, að hagnaður geti verið að því fyrir landbúnaðinn að koma upp blönduðum kynstofni af Border-Leicester-fé og íslenzku fé og þykir jafnvel eigi ólíklegt, að slíkir kynblendingar kynnu að hafa meira mótstöðuafli gegn mæðiveiki en íslenzkt fé, en það eitt gæti verið næg ástæða til að gera tilraunir í þessa átt, fyrst og fremst í mæðiveikiheruðunum. Það væri þó ekki rétt að leyfa slíka kynblöndun án opinbers eftirlits, og er þá eðlilegast, að eftirlitið yrði falið Búnaðarfélagi Íslands.

Með skírskotun til þess, sem að framan er sagt, hefir landbúnaðarráðherra lagð til, að nú þegar yrði hafizt handa um undirbúning að kynblendingsrækt þessari og telur hann brýna nauðsyn bera til að setja um það bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar. Fellst ráðuneytið út af því á að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

### **1. gr.**

Á eftir 13. gr. laga nr. 27 8. september 1931, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárþóta, komi ný grein, sem verður 14. gr., en greinatala laganna breytist samkvæmt því. Hin nýja grein hljóðar þannig:

Landbúnaðarráðherra getur, þrátt fyrir ákvæði 13. gr., heimilað Búnaðarfélagi

Íslands að leyfa einstökum bændum eða sauðfjárræktarfélögum að láta einblend-  
inga lifa til framhaldsræktunar. Skal kynblöndun þessi fara fram undir eftirliti  
sauðfjárræktarráðunauts Búnaðarfélags Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 3. október 1940.

**Hermann Jónasson.**      **Eysteinn Jónsson.**      **Jakob Möller.**  
**Ólafur Thors.**      **Stefán Jóh. Stefánsson.**

---

Hermann Jónasson.